

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfse mi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2006 frá 27. janúar 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB frá 7. september 2005 um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 56r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005):
„56s. **32005 L 0045**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB frá 7. september 2005 um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 160).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við á í lið 56j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB):
„– **32005 L 0045**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB frá 7. september 2005 (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 160).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/45/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 92, 30.3.2006, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 17, 30.3.2006, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 160.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.